| Kennari | Þröstur Ásmundsson | Sk.st. | ÞRÁ |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing og markmið:**

Þessi áfangi spannar það skeið í sögu Evrópu og Íslands sem kennt hefur verið við nútíma, frá frönsku byltingunni til líðandi stundar. Þetta eru tímar tæknibreytinga, hugsjóna og hagsmuna sem hafa leitt til kjarabóta, velmegunar og menningarauka en einnig stórstyrjalda og eyðingar á 20. öld. Í áfanganum verða teknir til umfjöllunar nokkrir valdir efnisflokkar, t.d. hversdagslíf og hugmyndastefnur á 19. öld, tilraunir manna til að breyta heiminum og lífsskilyrðum sínum á sviði hugsunar, menningar, stjórnmála og félagasamtaka.

Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á því hvernig þessi viðleitni sem og ýmsar tækninýjungar hafa auðgað og bætt mannlífið en jafnframt skapað nýjan vanda, þ.á.m. heimsstyrjaldir 20. aldar en einnig velferðarríki nútímans. Lögð er áhersla á að þjálfa nemendur í heimildarýni af ýmsu tagi. Námsmat byggist á skriflegum prófum og verkefnum.

**Námsgögn** :

Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson: *Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árþúsundamóta.* Mál og menning. Reykjavík 2006

Ingunn Axelsdóttir og Þórunn Blöndal: *Handbók um ritun og frágang.* 7. útgáfa. Iðunn. Reykjavík 2002

Sýnd verða myndbönd, einkum um sögu 20. aldar.

Ýmislegt annað ítarefni verður kynnt í tímum.

**Áætlun um yfirferð:**

1. - 4. vika. Draumar um betra líf, bls. 9 til 65

5. - 8. vika. Nýir hugmyndastraumar á Íslandi, bls. 65 til 137

9. - 12. vika. Tækninýjungar til góðs og ills, bls. 137 til 196

13. - 16. vika. Átök á heimsvísu, bls. 197 og áfram.

**Ritgerð:** Skiladagur er í byrjun mars.
**Miðannarpróf** verður haldið um miðjan febrúar.
Að auki verða ýmis konar **verkefni** lögð fyrir á önninni, ýmist tímaverkefni eða styttri skilaverkefni, þau verða kynnt jafnóðum.

Athugið að nemendum er heimilt að nota fartölvur í tímum, en eingöngu vegna námsins. Brot á þessari reglu leiðir til þess að viðkomandi verður bannað að nota slík tæki í kennslustundum. Notkun farsíma og annarra slíkra tækja er ekki leyfð í tímum.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

| | |
|---|---|
| Skriflegt lokapróf í maí. | 60% |
| Ritgerð | 20% |
| Miðannarpróf | 20% |

**Athugið** að standa verður skil á öllum verkefnum til að öðlast próftökurétt

Lagt fram með fyrirvara um breytingar; komi til þeirra verður það kynnt rækilega.
Með óskum um gott samstarf.

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**